

Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2017-2018

FÍLD

Stjórn FÍLD skipa:

Formaður: Irma Gunnarsdóttir

Gjaldkeri: Kara Hergils

Ritari: Hildur Ólafsdóttir

Meðstjórnand/varaformaðuri: Heba Eir Kjeld

Meðstjórnandi: Anna K. Norðdahl

Varamaður: Guðmundur Helgason

Varamaður: Guðrún Selma Sigurjónsdóttir

FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

Bandalag Íslenskra Listamanna: Irma Gunnarsdóttir

Íslenski Dansflokkurinn: Anna Norðdahl. Varamaður: Guðmundur Helgason.

Sviðslistasamband Íslands: Anna Norðdahl. Varamaður: Hildur Ólafsdóttir.

Leikminjasafn Íslands: Sesselja G. Magnúsdóttir. Varamaður í stjórn.

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík: Irma Gunnarsdóttir.

Gríman - Íslensku Leiklistarverðlaunin: Einn leynilegur fulltrúi.

Að auki er FÍLD aðili að Bandalagi háskólamanna, BHM.

Aðalfundur FÍLD var haldinn 12.febrúar 2017. Þar kvöddu fjórir stjórnarmenn, Arndís Benediktsdóttir formaður, Halla Þórðardóttir ritari, Tinna Grétarsdóttir gjaldkeri auk Bryndísar Einarsdóttur varamanns. Núverandi stjórn þakkar þeim innilega fyrir störf í þágu félagsins.

Stjórn FÍLD hefur haldið átta stjórnarfundi frá síðasta aðalfundi, að jafnaði með eins mánaðar millibili. Utan þess hefur stjórn átt í tölvupóstssamskiptum og fundað rafrænt þess á milli á facebooksíðu stjórnar. Stjórn hefur unnið vel saman og skipt með sér verkum við skipulag viðburða og verkefna.

FÍLD á vettvangi BÍL

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundi BÍL og er þar talsmaður listdansmála. BÍL vinnur að heildarhagsmunum listgreina og listamanna en BÍL hefur stutt vel við baráttumál FÍLD á árinu og á BÍL, þá sérstaklega forseti BÍL, þakkar skyldar fyrir stuðninginn. Umræða skapaðist á vettvangi BÍL á árinu um stofnun stéttarfélagssambands sviðslistagreina og stóð BÍL fyrir sérstökum fundi með forsvarsmönnum BHM um málið. Hvenær og hvort slíkt stéttarfélagssamband sviðslistafélaga verður stofnað í framtíðinni er óvist en FÍLD fagnar umræðunni sem skapaðist á fundinum. Formaður FÍLD sat samráðsfund BÍL og menntamálaráðherra þann 16.maí síðastliðinn og vakti þar athygli á stöðu Dansverkstæðisins og þörf geirans fyrir danshúsi í náinni framtíð en eins og kunnugt er varð Dansverkstæðið húsnæðislaust í sumar. Að auki vakti formaður athygli á stöðu listdansskólanna en samningar milli ráðuneytisins og listdansskólanna v. kennslu á framhaldsskólastigi áttu að renna út í febrúar 2018. Stjórn FÍLD hafði stuttu áður átt fund með sérfræðingum menntamálaráðuneytisins um stöðu listdansskólanna. Ítrekaði formaður FÍLD málið á samráðsfundinum með ráðherra. Ráðuneytið framlengdi samstarfssamninga listdansskólanna vegna kennslu á framhaldsskólastigi í kjölfar samráðsfundarins. Framlenging nær út skólaárið

2017-2018. Á samráðsfundinum kynnti ráðherra nýja reglugerð um opinber fjármál. Samningar milli ríkis og stofnanna verða framvegis gerðir til 5 ára í senn skv. nýju reglugerðinni. Meiri krafa verður gerð til stofnanna og aðila sem eru á ríkisfjárlögum í framtíðinni. Stofnanir og þjónustuaðilar þurfa framvegis að skila inn kostnaðaráætlun og stefnumótunarplaggi með framtíðarsýn í tengslum við þjónustusamninga við ríkið.

SSÍ

Nokkrir fundir voru haldnir á árinu hjá Sviðslistarsambandi Íslands og sat Anna Norðdahl þá fundi f.h. FÍLD. Skipað var í Grímunefnd á vordögum fyrir yfirstandandi leikár auk þess sem SSÍ fundaði um framkvæmd Grímunnar og regluverk hennar. Þegar **#Metoo** byltingin stóð sem hæst hittust formenn sviðslistafélaga á vettvangi SSÍ en forsvarsmenn #Metoo kölluðu eftir viðbrögðum og aðgerðum frá forsvarsmönnum leikhúsa, kvikmynda og sviðslistafélaga. Á fundinum sammæltust formenn sviðslistafélaga um að taka höndum saman og vinna í því að uppræta kynferðislegt ofbeldi og annað ofbeldi sem þrifist hefur innan geirans í krafti valdsins. Unnið er að aðgerðaráætlunum innan leikhúsa sem og hjá einstökum fagfélögum og stofnunum innan sviðslista- og kvikmyndageirans.

70 ára afmæli félagsins

Haldið var upp á 70 ára afmæli FÍLD föstudaginn 31.mars síðastliðinn en félagið fagnaði tímamótunum með hátíðardagskrá í Dansverkstæðinu að Skúlagötu 30. Í tilefni afmælisins ákvað stjórn FÍLD að bæta tveimur félögum í heiðursstúku félagsins en þær Bára Magnúsdóttir og Nanna Ólafsdóttir voru gerðar að heiðursfélögum og hlutu þær heiðursviðurkenningu FÍLD fyrir störf sín í þágu íslenskrar danslistar. Fjölmargir mættu á afmælisfögnuðinn og tókst viðburðurinn í alla staði vel. Boðið var upp á léttar veitingar og dansmaraþon með fjölbreyttri dansdagskrá sem stóð fram á kvöld.

Barnamenningarhátíð 2017

Listdanssýning FÍLD 25.apríl í Eldborgarsal Hörpu

Listdanssýning FÍLD á Barnamenningarhátíð er árlegur viðburður, haldin í lok apríl ár hvert. Sýningin í ár var tileinkuð 70 ára afmæli félagsins og var um glæsilegan dansviðburð að ræða. 6 listdansskólar tóku þátt að þessu sinni og var dagskráin vel heppnuð í alla staði. Fyrirhugað er að endurtaka leikinn í apríl næstkomandi. Listdansskólar sem hyggja á þátttöku er bent á að Barnamenningarhátíð 2018 verður dagana 17.-21.apríl. Tilkynna ber þátttöku á netfangið formadur@dance.is.

SOLO undankeppni Stora Daldansen

Árlega stendur FÍLD fyrir undankeppni Stora Daldansen og fór keppnin fram þann 15.október síðastliðinn að Grensásvegi 14, hjá Klassíkska listdansskólanum. Undankeppnin sem ber yfirskriftina SOLO, er mikil lyftistöng fyrir klassíkska listdansinn hérlandis, þar fá íslenskir listdansnemar að spreyyta sig á krefjandi sólóhlutverkum klassískra ballettverka. 13 nemendur tóku þátt í keppninni í ár. Breyting var gerð á stigagjöf keppninnar í haust til samræmis við stigagjöf Stora Daldansen. Stjórn ákvað einnig að keppendur þyrftu að lámarki að skora 80% eða hærra hjá dómnefnd til að fá tækifæri til að spreyyta sig í aðalkeppninni. Að þessu sinni voru 5 keppendur sem náðu þeim glæsilega árangri og munu þeir því taka þátt í Stora Daldansen í Svíþjóð, dagana 27.-28.mars næstkomandi.

Starfsumhverfi listdansskólanna - styrkir vegna grunnnáms í listdansi

Eitt af málum FÍLD er að hlúa að listdansmenntun og rekstrarumhverfi hennar.

Á stjórnarfundum hafa mál listdansmenntunar verið rædd og beitti stjórn FÍLD sér á vettvangi ríkis og sveitarfélaga á árinu. Unnið er í því að koma rekstrarstyrkjum með grunnnámi í listdansi í horf. Formaður hefur sent nokkur bréf til menntamálaráðherra og vakið athygli á veikri rekstrarstöðu listdansnámsins í skólakerfinu. Bráðabirgðaúrlausnir frá ráðuneytinu eru einkennandi í öllum samskiptum ráðuneytisins við FÍLD sem og við listdansskólana. Litlir sem engir rekstrarstyrkir eru með námi á grunnskólastigi í listdansi en frá árinu 2006 hefur staðið til að breyta rekstrarfyrirkomulagi listdansnáms til samræmis við annað listnám í stjórnsýslunni. Bent er á að ef halda eigi uppi framhaldsskólastigi og háskólastigi í listgreininni þarf að leggja í grunninn og veita rekstrarstyrki í grunnnámið. Viðbrögð frá ráðuneytinu hafa ekki verið mikil en það skrifast þó eitthvað á ráðherraskiptin. Fyrrverandi ráðherra gat ekki hitt formann FÍLD í haust þar sem staða í stjórnálum var í uppnámi. Formaður FÍLD hefur nú sent nýjum ráðherra menntamála bréf og óskað eftir fundi um málið. Bundnar eru vonir við nýjan ráðherra og hver veit nema að rekstrarumhverfi listdansskólanna eigi eftir að batna í náinni framtíð.

Stjórn FÍLD hefur einnig beitt sér á vettvangi sveitarfélaga um málið. Skemmt er frá því að segja að samþykkt hefur verið að taka málið upp til nánari skoðunar og umfjöllunar hjá SÍS - sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn FÍLD mun fylgja málinu eftir á nýju ári. Ýtt verður á eftir samtali milli ríkis og sveitarfélaga um málið og vonumst við til að það samtal skili árangri.

Stéttarfélagsmál dansara

Mikill tími stjórnar og þá einkum formanns fór í mál tengd aðild FÍLD að BHM. Formaður setti spurningu við veru FÍLD í BHM þar sem svo fáir félagar eru að nýta sér aðild að BHM í gegnum FÍLD og aðildargjöldin að BHM eru mjög há. Flestir félagsmenn eru aðilar í öðrum stéttarfélögum og hafa ekki þörf fyrir þjónustu BHM. Stjórn hefur því verið að skoða hvort rétt sé fyrir FÍLD að halda í BHM aðildina. Ofan á þessar vangaveltur bætist að skv. lögum er ekki hægt að breyta FÍLD í stéttarfélag með samningsrétt við ríki og sveitarfélög. FÍLD getur því ekki gert löglega kjarasamninga við ríkið og leikhússtofnanir en samningsrétturinn fyrir stéttir sviðslista er í höndum stéttar- og fagfélagsins FÍL. Þess má einnig geta að dansarar geta verið með BHM aðild í gegnum FÍL.

Stjórm FÍLD átti fundi á vordögum með Þórunni Sveinbjarnardóttur formanni BHM og Ernu Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra BHM og fyrrverandi lögræðingi BHM. Þórunn og Erna voru mjög hjálplegar og skilja vanda dansara. Það er skrítið að dansarar þurfi að vera í Félagi ísl. leikara til að virkja samningsrétt sinn við ríki og leikhússtofnanir en FÍL er rótgróið stéttarfélag sviðslistafólks. Formaður hefur kynnt félagsmönnum stöðuna. Sendir voru tölvupóstar með ýtarupplýsingum um málið og boðað var til **félagsfundar þann 5.nóvember síðastliðinn** þar sem málin voru rædd. Félagsfundurinn var mjög fámenntur. Pónokkrir sýndu málinu áhuga í tölvupóstssamskiptum en komust ekki félagsfundinn. Því var ákveðið að taka stéttarfélagsmálin aftur til umræðu á aðalfundi FÍLD **sunnudaginn 7. janúar 2018.**

Formaður FÍLD átti fund með Birnu Hafstein formanni FÍL fyrir umræddan félagsfund FÍLD. Birna hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum af launamálum dansara í stóru leikhúsunum og sendi hún formanni FÍLD tölvupóst þess efnis. Dansarar leita til FÍL ef þeir þurfa að leita réttar síns vegna kjara í leikhúsunum. Birna hefur fyrir hönd FÍL staðið í kjaraviðræðum við ríkið og leikhúsini við gerð kjarasamninga fyrir skjólstæðinga FÍL. Engir kjarasamningar hafa hinsvegar verið gerðir fyrir dansara innan FÍL á undanförnum árum því of fáir dansarar eru í FÍL. Dansarar hafa því deregist

verulega afturúr í launum hjá leikhúsunum. Birna tók fram á fundinum að FÍL gæti ekki hjálpað dönsurum varðandi kjaramál ef þeir eru ekki félagsmenn í FÍL. Á fundinum lýsti formaður FÍLD yfir samstarfsvilja við FÍL. FÍLD getur verið þrýstihópur og stuðningur við dansaradeild FÍL þegar og ef kjarasamningar verða gerðir fyrir dansara í gegnum FÍL. Frumkvæðið þarf að koma frá dansaradeild FÍL en í dag eru 12 dansarar í FÍL. Auðveldara er að semja fyrir dansara við ríkið og leikhússtofnanir ef fleiri dansarar bætast í dansaradeild FÍL að sögn Birnu.

Formaður FÍLD hafði í kjölfar fundar með formanni FÍL samband við stofnannaleikhúsin tvö og spurðist fyrir um kjarasamninga fyrir dansara og hver viðmið leikhúsanna eru í launasamningum við starfandi dansara við leikhúsin. Svarið er einfalt, engir kjarasamningar eru til fyrir dansara. Þjóðleikhússtjóri talar um verktagreiðslur til danslistarfólks en hjá Borgarleikhúsini fengust þau svör að dansarar í uppfærslum leikhússins fengju greitt skv. kjarasamningi VR. Þegar ynnit var eftir nánari upplýsingum var lítið um svör, einungis að reynslumeiri dansarar fengju hærri laun en þeir sem hafa litla reynslu. Það er því nokkuð ljóst að kjaramál dansara í leikhúsunum eru ekki góð.

Dansumfjöllun og sýnileiki danslistar í netheimum

Á stjórnarfundum FÍLD í haust var skortur á fjölmíðlaumfjöllun um dansviðburði til umræðu og hvernig FÍLD gæti stuðlað að meiri sýnileika í fjölmíðlum. Fjölmíðlar eru tregir til að fjalla um dansviðburði og dansgagnrýni er af skornum skammti. Starfandi dansgagnrýnendur eru fáir og litlar sem engar greiðslur eru greiddar til gagnrýnenda af fjölmíðlum. Ljóst er að leita þarf úrbóta og er málið á dagskrá hjá stjórn FÍLD. Þann 15.nóvember varð heimasíða FÍLD fyrir verulegu tjóni vegna kerfishruns hjá hýsingaraðila síðunnar, 1984.is. Heimasíðan liggur því miður niðri ennþá. Kerfisfræðingar hjá 1984 hafa ekki getað komið síðunni í gagnið en nú hefur hönnuður síðunnar, Björn Swift, fengið aðgang að gögnum FÍLD hjá fyrirtækinu 1984 og vinnur hann að því að bjarga því sem hægt er. Vonir standa til að heimasíðan verði opnuð fljóttlega og mun hún í kjölfarið fá viðunandi endurbætur og andlitslyftingu. Stefnt er að því að efla heimasíðu FÍLD þegar hún kemst í gagnið. FÍLD er með virka facebooksíðu og sér formaður um að deila viðburðum og fréttum úr dansheimi eins og tími vinnst til.

Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum

Þann 20.desember síðastliðinn fór fram útskrift frá MH. Á undanförnum árum hafa dansnemar listdansskólanna útskrifast þaðan með stúdentspróf af listdansbraut. Fjölmög fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyrir námsárangur á stúdentsprófi. Hingað til hafa dansnemar ekki fengið neinar viðurkenningar eða verðlaun fyrir námsárangur og ákvað formaður að kominn væri tími til bæta úr því. Málið var borið undir stjórn og ákvað stjórn að veita nýstúdent af listdansbraut viðurkenningu líkt og tíðkast við útskrift frá öðrum námsbrautum. Það er Sunneva Líf Albertsdóttir nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD að þessu sinni. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félagini.

Sögulegt ár

Það voru merk tímamót hjá fleirum en FÍLD á árinu. Danslistarskóli JSB varð 50 ára, Listdansskóli Íslands fagnaði 65 ára afmæli sínu sem og Balletskóli Sigríðar Ármann. Sá síðastnefndi lauk síðasta starfsári sínu í maí síðastliðnum og á Balletskóli Sigríðar Ármann miklar þakkir skyldar fyrir ómetanlegt uppbyggingarstarf í þágu íslenskrar danslistar. Þá var Bára Magnúsdóttir skólastjóri og eigandi JSB sæmd hinni íslensku Fálkaorðu þann 17.júní fyrir störf í þágu listdans á

Íslandi. Íslenski dansflokkurinn átti stóra sigra á árinu en sýningin *Fórn- No Tomorrow* hlaut Grímuverðlaun sem *Sýning ársins* og hefur sýningin hlotið mikið lof gagnrýnenda bæði heima og erlendis. Sjálfstætt starfandi dansarar og danshöfundar áttu líka frábært ár, segja má að íslenskur listdans blómstri nú sem aldrei fyrr. Þær gleðifréttir fengust síðla árs að Dansverkstæðið hefur nú fyrir milligöngu Reykjavíkurborgar tekist að tryggja starfseminni nýtt húsnæði að Hjarðarhaga 47-49. Nýja húsnæðið er þrisvar sinnum stærra en það gamla og að sama skapi dýrara en Reykjavíkurborg hækkaði árlegt framlag sitt úr 2 milljónum í 15 milljónir til að tryggja rekstrargrundvöll starfseminnar. Að auki fær Dansverkstæðið hækkun á fjárlögum frá ríkinu úr 2 milljónum í 5 milljónir og eru það mjög góðar fréttir. Dansverkstæðið mun því opna að nýju um leið og hægt verður. Gera þarf viðunandi breytingar á húsnæði áður en opnað verður og stendur sú vinna yfir.

Eins og sjá má á ofangreindu eru málefni FÍLD fölbreytt og í mörg horn að líta. Þess má geta að öll vinna stjórnarmeðlima er í sjálfboðavinnu og því takmarkað hvað stjórn kemst yfir.

Dags. 3.01 2018,

f.h. stjórnar,
Irma Gunnarsdóttir,
Formaður FÍLD.